



Verkaskipting innan deilda

Hlutverk stjórna og ráða

1. Stjórnir og ráð deilda starfa samkvæmt lögum félagsins og reglugerð fyrir deildir þess.
2. Stjórnir og ráð deilda eru kosnar á aðalfundum deilda. Þær halda síðan fund í kjölfarið þar sem stjórnarmeðlimir skipta með sér verkum.
3. Stjórnir og ráð deilda hittast á reglulegum fundum til að ræða málefni deildarinnar, formlega að minnsta kosti þrisvar á hverju almanaksári/starfsári. Þeim ber að halda fundargerðir um allar ákvarðanir og skila til skrifstofu Aftureldingar.
4. Stjórnir og ráð deilda stýra fjárreiðum, fjáröflunum, starfsmannahaldi, kynningarmálum og félagsmálum deildanna í samráði við íþróttafulltrúa og rekstrar- og/eða framkvæmdastjóra Aftureldingar.
5. Stjórnir og ráð deilda gera starfs- og fjárhagsáætlanir fyrir næsta almanaksár/starfsár í samstarfi við rekstrarstjóra Aftureldingar og leggja þær fyrir framkvæmdastjóra Aftureldingar á tilskildum tíma.
6. Stjórnir og ráð deilda sjá um ráðningu þjálfara, leikmanna og aðra starfsmanna, gerð löglegra ráðningasamninga og starfslýsinga, auk eftirlits með því að þeim sé fylgt í samræmi við fjárhagsáætlun deildar. Ráðningasamningi skal skilað til rekstrarstjóra og framkvæmdastjóra Aftureldingar til staðfestingar, sem kannar lögmati hans, staðfestir með undirskrift og geymir afrit.
7. Stjórnir og ráð deilda samþykkja alla reikninga og skipuleggja greiðslur reikninga og launa í samráði við rekstrar- og/eða framkvæmdastjóra Aftureldingar.
8. Stjórnir og ráð deilda sjá til þess að flokkar haldi iðkenda- og mætingaskrár. Yfirþjálfari og/eða annar starfsmaður deildar heldur utan um iðkenda- og mætingaskrár í samráði við þjálfara.
9. Stjórnir og ráð deilda sjá um og bera ábyrgð á ákvörðunum um upphæð æfingagjalda og innheimtu þeirra.
10. Stjórnir og ráð deilda ásamt yfirþjálfurum stýra vinnu við gerð handbóka deilda og eftirfylgni með þeim.
11. Stjórnir og ráð deilda bera ábyrgð á að upplýsingar um deildina á heimasíðu félagsins séu ávallt rétt uppfærðar og að tilnefna aðila til að sjá um innsetningu fréttu og tilkynninga frá deildinni inn á síðuna.
12. Stjórnir og ráð deilda bera ábyrgð á að þjálfunaráætlanir séu gerðar í samvinnu við yfirþjálfara/þjálfara.
13. Stjórnir og ráð deilda bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd á mótahaldi á vegum deildarinnar, með samþykki íþróttafulltrúa Aftureldingar.
14. Stjórnir og ráð deilda í samstarfi við yfirþjálfara og/eða annan starfsmann deildarinnar sjá um stofnun foreldrafélaga, foreldraráða og/eða tengiliða innan yngri flokka deildarinnar.
15. Stjórnir og ráð deilda bera ábyrgð á að koma umbeðnum upplýsingum vegna Uppskeruhátíðar Aftureldingar til skila til framkvæmdastjóra Aftureldingar á tilskildum tíma.



Hlutverk foreldrafélaga/foreldraráða/tengiliða

1. Hafa umsjón með fjáröflunarverkefnum í samvinnu við stjórn deildar, yfirþjálfara og/eða annan starfsmann deildarinnar.
2. Skipuleggja félagslíf innan deildarinnar og/eða flokka innan hennar í samvinnu við þjálfara.
3. Skipuleggja ferðir á mót í samvinnu við þjálfara.
4. Aðstoða og/eða sjá um mótahald á vegum deildar í samvinnu við stjórn deildar og þjálfara.

Hlutverk yfirþjálfara og þjálfara deilda

Þjálfarar eru starfsmenn sem heyra undir stjórnir deilda, sem bera ábyrgð á samskiptum og upplýsingaflæði til þeirra. Hlutverk þjálfara og yfirþjálfara deilda nær eingöngu til þeirra atriða sem fram koma í ráðningarsamningum og er breytilegt á milli deilda. Sé tilskilið að þjálfari standi fyrir tilteknum mótum eða mæti á tiltekin mót þarf það að koma fram í ráðningarsamningi.

Algennt fyrirkomulag á hlutverkum yfirþjálfara og þjálfara:

Hlutverk yfirþjálfara deilda

1. Er ráðinn af stjórn deildar til að hafa faglega umsjón með öðrum þjálfurum í deildinni ásamt því að þjálfra stundum einhvern flokk innan deildar.
2. Markar þjálfunarstefnu, markmið og áætlun í samvinnu við stjórn deildar og sér til þess að aðrir þjálfarar setji markmið og fylgi þeim.
3. Er tengiliður foreldra við þjálfara þegar upp koma erfiðleikar s.s. eineltismál oþh.
4. Aðstoðar stjórn deildar við að taka saman upplýsingar vegna Uppskeruhátíða.

Hlutverk þjálfara deilda

1. Dreifir skráningarblöðum í byrjun tímabils auk annars pósts sem stjórn/þjálfarar kjósa að senda heim með iðkendum.
2. Skilar inn þjálfunaráætlun að hausti í samvinnu við yfirþjálfara.
3. Heldur skrá yfir mætingar á æfingar.
4. Skipuleggur félagslíf innan flokksins í samvinnu við tengiliði.
5. Aðstoðar stjórn deildar/yfirþjálfara við að taka saman upplýsingar vegna Uppskeruhátíða.